

Megin lögmannsstofa
Skiopholti 50d
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2020
Tilvísun: OS2020040027/50.4.5
Verknúmer: 1103000

Efni: Framlenging á rannsóknarleyfi Austurgilsvirkjunar ehf., vegna áætlana um Austurgilsvirkjun á vatnasviði Selár við Ísafjarðardjúp, til 31. mars 2025

Orkustofnun hefur mótttekið bréf Megins Lögmannsstofu, f.h. Austurgilsvirkjunar ehf., kt. 680814-0660, dags. 20. mars 2020, þar sem óskað er eftir framlengingu á leyfi til rannsókna vegna áætlana um Austurgilsvirkjun á vatnasviði Selár við Ísafjarðardjúp. Umrætt rannsóknarleyfi, dags. 31. mars 2015, gildi til 1. apríl 2020. Sótt er um fimm ára framlengingu, þ.e. til 1. apríl 2025. Orkustofnun fer með leyfisveitingar til rannsókna, m.a. með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og 40. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

Fram kemur í erindi Megins Lögmannsstofu að leyfishafi hafi staðið fyrir margháttuðum rannsóknnum á leyfistímanum og vísast í því efni til skila á rannsóknargögnum til Orkustofnunar í samræmi við ákvæði leyfisins og rannsóknaráætlun sem fylgdi með því. Hafi leyfishafi að mestu leyti lokið við nokkra liði rannsóknaráætlunarinnar.

Áformað sé að útvíkka rannsóknir á framlengingartíma í því skyni að áætla með markvissari hætti stærð og framleiðslugetu fyrirhugaðrar virkjunar og treysta þannig frekar grundvöll hagkvæmnirannsókna. Sömuleiðis er vísað til þess að afgreiðsla þriðja áfanga rammaáætlunar hafi tafist og því liggi ekki ljóst fyrir hver afgreiðsla virkjunarkostsins verði, en Austurgilsvirkjun er í nýtingarflokki samkvæmt þeirri þingsályktunartillögu sem hefur verið lögð fyrir Alþingi. Sömuleiðis er beðið ákvörðunar um hvort reistur verði tengipunktur við Ísafjarðardjúp. Hvort tveggja hefur augljóslega áhrif á endanlega ákvörðun um framgang mála. Áður en unnt er að kveða uppúr með hagkvæmni virkjunarinnar þurfi að rannsaka ýmsa valkosti varðandi stærð, staðsetningu og útfærslu mannvirkja og vélbúnaðar auk þess sem rannsóknir á ýmsum umhverfisþáttum muni byggja á þeirri útfærslu sem ákveðin verður.


Í ljósi framanritaðs og fram lagðra gagna leyfishafa, fellst Orkustofnun hér með á að áður útgefið rannsóknarleyfi, dags. 31. mars 2015, á vatnasviði Selár við Ísafjarðardjúp verði framlengt til 1. apríl 2025 og skal rannsóknnum þá lokið. Ákvæði framlengds leyfis skulu að öðru leyti vera óbreytt frá fyrra leyfi, þ.m.t. um gagnaskil og tímasetningu þeirra.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sæta kærú til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærúna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Leyfisnúmer OS-2015-L003-02